

## **1. fundur stjórnar AP**, starfsárið 2012-2013

haldinn í Hótel Reyhlið föstudaginn 18. maí 2012 kl.16:45 að afloknum aðalfundi. Mætt: Aðalsteinn Á. Baldursson, Gunnólfur Lárusson, Friðrik Sigurðsson, Margrét Bjarnadóttir, og Sigurgeir Höskuldsson. Einnig sat fundinn Reinhard Reynisson, framkvæmdastjóri, sem ritaði fundargerð.

Aldursforseti, Margrét Bjarnadóttir, setti fund og bauð nýkjörna stjórn velkomna til starfa.

### **1. Verkaskipting stjórnar**

Fyrsta mál fundarins var verkaskipting stjórnar og óskaði Margrét eftir tillögum þar að lútandi.

Aðalsteinn Á. Baldursson bar upp tillögu um Sigurgeir Höskuldsson sem formann, Margréti Bjarnadóttur sem varaformann og Friðrik Sigurðsson sem ritara.

Ekki komu fleiri tillögur fram og var tillagan samþykkt samhljóða.

### **2. Fundaplan stjórnar**

Formanni og framkvæmdastjóra falið að leggja fram tillögu að fundapalni fyrir starfsárið á næsta fundi stjórnar sem ráðgerður er fyrri partinn í júní.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17:00